



Umhverfismál í Hofstaðaskóla
ágúst 2003 – október 2007



Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Fyrstu skrefin.....	3
Umhverfisnefndin.....	3
Mat á stöðu umhverfismála	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Fræðsla	7
Kynning á stefnunni	9
Eitt og annað sem við erum stolt af.....	9
Umhverfisstefna Hofsstaðskóla.....	10
Framtíðarsýn.....	11
Fylgiskjöl.....	12

Fyrstu skrefin

Vorið 2003 vann hópur kennara fyrstu drög að umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla (fylgiskjal 1 og 2). Skólinn hefur verið með formlega umhverfisstefnu frá hausti sama ár (fylgiskjal 3). Í september 2004 varð skólinn virkur þátttakandi í *Grænfánaverkefni* Landverndar.

Umhverfisnefndin

Krístur Sigurðardóttir deildarstjóri eldri deilda er verkefnisstjóri grænfánaverkefnisins og formaður umhverfisnefndar Hofsstaðaskóla allt frá 2003. Frá september 2003 og fram í september 2007 sátu auk hennar í nefndinni heimilisfræðikennarinn og húsvörður. Frá september 2007 eru kennarar, stjórnendur, starfsmenn, nemendur og foreldrar í umhverfisnefnd skólans.

Stjórnendur; Deildarstjórar yngra og eldra stigs.

Kennarar; Heimilisfræðikennari og tveir umsjónarkennarar, einn af yngra og annar af eldra stigi. Kennararnir hafa ýmist óskað eftir því að starfa í teyminu eða óskað hefur verið eftir setu þeirra.

Starfsmenn; Húsvörður.

Nemendur; Við val á nemendum fengum við tvo nemendur af yngra stigi þ.e. úr 3. bekk og tvo af eldra stigi úr 6. bekk. Kennarar í viðkomandi árgöngum bentu á áhugasama nemendur.

Foreldrar; Formaður foreldrafélagsins sem hefur mikinn áhuga á umhverfismálum.

Umhverfisnefndin hefur fundað að meðaltali tvisvar sinnum á ári.

Í umhverfisnefndinni hafa verið lagðar helstu línur í umhverfismálunum, umhverfisstefnan endurskoðuð og markmið sett. Einn meðlimur í ráðinu tekur að sér fundarstjórn og annar ritar fundargerð (sjá fylgiskjal 4 og 5).



Frá fundi umhverfisnefndar í september 2007

Mat á stöðu umhverfismála

Á fundum umhverfisnefndar er rætt um stöðu umhverfismála í skólanum. Einnig hafa starfsmenn skólans komið með ábendingar um hvað mætti betur fara. Umhverfisnefndin hefur tvisvar fyllt út gátlistann og leitað eftir upplýsingum hjá þeim er málið varðar. Einnig hafa starfsmenn skólans fyllt út listana einu sinni svo að þeir gerðu sér betur grein fyrir að hverju væri stefnt í umhverfismálum (sjá fylgiskjal 6).

Áætlun um aðgerðir og markmið

Haustið 2003 varð umhverfisstefna Hofsstaðaskóla til. Hún byggir á tillögum sem hópur kennara í skólanum vann vorið 2003. Verkefnastjóri verkefnisins vann síðan umhverfisstefnu skólans með hliðsjón af þeim tillögum sem hefur verið að mestu óbreytt frá upphafi.

Síðan þá höfum við endurskoðað markmiðin og bætt nýjum inn (sjá fylgiskjal 7). Eftirfarandi markmið eru fyrir skólaárið 2007-2008.

Skólaárið 2007-2008 einbeittum við okkur að eftirfarandi þáttum:

- Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
- Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla
- Draga úr sorpi og flokka sorp
- Vatn er auðlind – stuðla að vatnsdrykkju
- Draga úr notkun á einnota umbúðum og endurnýta umbúðir sem til falla í skólanum
- Safna bylgjupappa
- Draga úr rafmagnsnotkun
- Auka útikennslu og útveru nemenda
- Sinna fræðslu í umhverfismennt



Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum umhverfisstefnunnar hverju sinni og hafa orðið heilmiklar framfarir á mörgum sviðum. Umhverfisnefndin er virk í eftirliti þ.e. hvort farið sé eftir umhverfisstefnunni.

Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur

Dregið hefur úr pappírnotkun í skólanum og eru nemendur og kennarar hvattir til að endurnýta pappír eins og kostur er svo sem með því nota pappír úr endurvinnslukassa. Kennarar ljósrita báðum megin á blöð ef kostur er og ljósrita ekki að óþörfu.



Litaprentari er notaður í lágmarki. Þá fara skilaboð, heim til nemenda, oftast í tölvupósti og upplýsingar eru birtar á heimasíðu svo sem námsvísar, skóladagatal o.fl. Í hverri skólastofu er kassi fyrir pappír sem ljósritunarpappír er safnað í. Sama á við í öðrum herbergjum skólans. Pappírnum er skilað til endurvinnslu. Samskipti við heimili fara að miklu leiti í gegnum tölvupóst.

Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla

Endurvinnanlegum drykkjarumbúðum hefur verið safnað saman í skólanum síðan 2003 og þeim skilað í endurvinnslu. Í byrjun skólaárs 2007 var kynnt ný stefna varðandi fernumál í skólanum, en þá voru nemendur hvattir til að koma ekki með fernudrykki en drekka frekar vatn í margnota glösum sem geymd eru í skólanum. Þeir nemendur sem koma með drykki að heiman eru hvattir til að koma með þá í endurnýtanlegum umbúðum s.s. brúsum. Þetta verkefni hefur gengið vonum framár og má segja að fernunotkunin hafi dregist verulega saman. Einnig geta nemendur keypt áskrift í mjólk sem þeir sækja í „mjólkurbelju“. Engar mjólkurvörur hafa verið seldar í skólanum frá hausti 2006.

Vatn er auðlind – stuðla að vatnsdrykkju

Í mötuneyti skólans er boðið upp á vatn með matnum. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að drekka vatn. Allir nemendur eru með vatnsbrúsa eða glas í skólanum. Vatnsvél var sett upp á kaffistofu starfsmanna haustið 2007 og eru starfsmenn hvattir til að koma með sinn eigin brúsa.

Draga úr sorpi og flokka sorp

Í skólanum falla til ýmsar umbúðir s.s. jógúrt dósir, skyrdósir, plastbakkar undan jógúrt o.fl. Þessar umbúðir eru notaðar í ýmis föndurverkefni.

Safna bylgjupappa

Pappakössum sem til falla í skólanum er skilað til endurvinnslu svo og rafhlöðum.

Draga úr rafmagnsnotkun

Haustið 2007 var ákveðið að gera átak í að draga úr rafmagnsnotkun í skólanum.

Deildarstjórar ásamt fulltrúum nemenda úr umhverfisnefnd fóru í allar bekkjarstofur og ræddu við nemendur um umhverfisstefnu skólans, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Vakin var athygli á þessu nýja markmiði. Þá hafa verið hengdir miðar við alla slökkvara í skólanum til að minna okkur á að slökkva ljós. Til að fylgjast með hvort þessi aðgerð skili árangri les umsjónarmaður umhverfisnefndar af rafmagnsmæli skólans einu sinni viku og eru niðurstöður skráðar (grænt bókhald). Hugmyndin er að vinna frekar úr



Þessum upplýsingum í töflureikni í stærðfræði með 7. bekk á vordögum. Umhverfisteymið telur að myndrænn framsetning skipti máli til að gera alla sem að skólanum standa meðvitaða um gildi þess að spara raforku.

Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð

Nemendur hafa hreinsað skólalóðina frá 2005.

Í hverri viku fer einn bekkur út að hreinsa skólalóðina. Gúmmíhanskar og pokar eru geymdir á ákveðnum stað í skólanum og eru spjöld látin ganga á milli bekkja til að minna á að viðkomandi bekkur á að hreinsa svo og leiðbeiningar varðandi hreinsun á skólalóðinni. Þá liggur fyrir skipulag fyrir skólaárið hvaða bekkur á að hreinsa hvenær (sjá fylgiskjal 8 og 9).



Fyrsti hópurinn sem hreinsaði skólalóðina 2005.
Ruslið var yfir 50 kg

Í hverri skólastofu eru tvær ruslafötur, önnur stór undir almennt sorp (lyktar ekki) er losuð



þegar fatan er full og plastpokinn endurnýttur. Hin er lítil og notuð undir sorp sem lyktar s.s. matarleifar, jógúrtsdósir o.fl. Hún er losuð daglega og skipt um plastpoka. Tilgangurinn með flokkun á sorpi er að minnka notkun á plastpokum. Föturnar eru merktar „Rusl sem lyktar ekki“ og „Rusl sem lyktar“. Fyrst voru föturnar ómerktar en haustið 2006 voru

settir miðar á þær og eftir það gekk flokkunin betur í flestum stofum.

Skólaliðar hafa undanfarin ár metið stöðuna varðandi flokkun á rusli og skil á fernum svo og þríf umsjónarmanna. Nemendur fengu endurgjöf í formi stiga og þeir sem náðu a.m.k. 75% árangri fengu viðurkenningu fyrir hvern mánuð senn (sjá fylgiskjal 10 og 11). Því miður hefur ekki verið hægt að halda þessu áfram í vetur þar sem ræstingafyrirtæki þrífur skólann að hluta og engir skólaliðar eru við störf í lok dags. Verið er að leita lausna á þessu máli. Nemendur eru hvattir til að ganga vel um umhverfið bæði innan dyra og utan. Umsjónarmenn sjá um að sópa skólastofuna í loka dags svo og að strjúka af gólfum. Þá fara allir úr útiskóm í anddyrum.

Auka útikennslu, útveru nemenda og fræðslu í umhverfismennt

Til að fylgjast með hvernig og hvort útikennslu og fræðslu í umhverfismennt sé sinnt er m.a. stuðst við kennsluáætlanir og ársskýrslu kennara. Sjá kafla um fræðslu.

Fræðsla

Útikennsla og fræðsla um umhverfismál eru samofin. Rík hefð er í Hofsstaðaskóla að fara í vettvangsferðir en í tengslum við þær fræðast nemendur um umhverfismál.

Dæmi um skemmtilegt

umhverfisverkefni er Vífilsstaða-
verkefnið sem unnið hefur verið í
Hofsstaðaskóla frá hausi 2000.

Nemendur í 6. bekk læra um lífríkið í og
við Vífilsstaðavatn og fara síðan í
vettvangsferð þar sem þeir skoða
umhverfið, taka sýni úr vatninu og
Vífilsstaðalæk, greina plöntur í
umhverfinu og átta sig á örnefnum (sjá
fylgiskjal 12).



Nemendur í 6. bekk taka sýni úr
Vífilsstaðavatni

Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um sorpið þar sem þeir fræðast um flokkun á sorpi,
mengun sem getur fylgt því og gildi þess að ganga vel um umhverfið. Hluti af fræðslunni fer
fram í vettvangsferð í Sorpu. Einnig fara nemendur í 4. bekk í gróðursetningaferð að vori þar
sem þeir fræðast um gildi þess að sinna landgræðslu.



Nemendur skoða lundapysju

Hér koma nokkur dæmi um vettvangsferðir
nemenda í Hofsstaðaskóla skólaárið 2006-7

1. bekkur: Ferð í Heiðmörk og miðborg
Reykjavíkur þar sem nemendur skoða Ráðhúsið,
Alþingishúsið, Austurvöll og Landnámssafnið.
Fara í gönguferðir í nágrenni skólans. Gangna frá
skólanum að tjörninni í Kópavogi og í fjöru í
Garðabæ. Vettvangsferð í Mosfellsbæ þar sem
umhverfi Reykjalundar var skoðað.

2. bekkur: Farið á Listasafn Einars Jónssonar. Fjallanga á Ásfjall í Hafnarfirði, skautuferð Surtseyjarsýning í Þjóðmenningarhúsinu og fjöruferð. Ferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, gönguferð í Öskjuhlíð og Nauthólsvík og vorferð í Guðmundarlund.

3. bekkur: Fjöruferð og gönguferð í Gálgahraun, Mjólkursamsalan heimsótt og Reykjavíkurferð í desember. Skautuferð, sveitaferð og ferð í Húsdýragarðurinn.

4. bekkur: Fjallanga á Úlfarsfell, Þjóðminjasafnið heimsótt, Sorpa skoðuð í tenglum við fræðslu um umhverfis og sorpmál. Skautuferðir og vorferð á Akranes. Þá gróðursetja nemendur í 4. bekk trjáplöntur á hverju vori. Farið í nokkrar göngu- og skoðunarferðir í nágrenni skólans svo og hjólaferð og ratleik.

5. bekkur: Landnámssýningu í Þjóðminjasafninu og í Aðalstræti, skautuferð í Egilshöll, vettvangsferð í miðbæ Reykjavíkur, gönguferð í Garðabæ, heimsókn í Rafheima, vorferð í Slakka, heimsókn í Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal og sund.

6. bekkur: Útikennsla við Vífilsstaðavatn, Sögusýningin í Perlunni í tengslum við Snorrasögu, og skautuferð. Nemendur taka þátt í verkefnum Vinnumorgunn í Húsdýragarðinum. Þeir fara í fjallagöngu á Keili og vorferð að Reykholti þar sem nemendur fá leiðsögn um fræðasetrið Snorrastofu og síðan í sund.

7. bekkur: Ferð að Gljúfraseini heimili Halldórs Laxness í tengslum við ljóðakennslu.

Skautuferð og vikuferð að Reykjum í Hrutafirði þar sem mikil áhersla er lögð á umhverfis og útikennslu. Þá fara þeir í vorferð í Hvalfjörð þar sem þeir skoða söguslóðir bókarinnar Vítahrings og í sund.



7. bekkingar í vorferð í Hvalfirði

Umhverfismennt er hluti af námskrá allra árganga skólans og samþættist við námsgreinar þegar við á. Sem dæmi þá fer fram margháttar fræðsla í heimilisfræði þar sem fjallað er um umhverfis- og endurvinnslumerki, auglýsingar og slysaheattu, flokkun á sorpi og moltugerð svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar og starfsfólk er meðvitað um gildi umhverfismála og fræðir nemendur um gildi þess í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður bjóða upp á slíka fræðslu.

Kynning á stefnunni

Kynningar hafa verið á ýmsa vegu. Stefnan hefur verið kynnt á heimasíðu skólans og umhverfisfundum í Garðabæ. Þá var haldin kynning fyrir fulltrúa í foreldrafélaginu. Skýrsla umhverfisnefndar birtist í ársskýrslu skólans á hverju ári. Foreldraráð skólans hefur verið duglegt að benda á hættur í kringum skólann vegna vaxandi bílaumferðar. Skólastjóri hefur gert þessu máli hátt undir höfði og kom m.a. inn á það í skólasetningarræðu sinni haustið 2007.

Eitt og annað sem við erum stolt af

- Árið 2003 steig skólinn fyrstu umhverfisskrefin sín með því að setja sér umhverfisstefnu og markmið.
- Frá 2005 hafa nemendur hreinsað skólalóð vikulega.
- Sama ár fórum við í aðgerðir um að minnka pappírnotkun og endurnýta pappír sem fellur til í skólanum.
- Umhverfisvænir plastpokar notaðir þar sem hægt er.
- Rafmagnspurrkur á salernum.
- Haustið 2007 fórum við í að spara rafmagn. Allir starfsmenn og nemendur voru hvattir til að slökkva á ljósum þar sem enginn er inni. Einnig voru miðar hengdir upp við hvern slökkvara í skólanum.
- Frá sama tíma byrjuðum við á grænu bókhaldi m.a. tengt raforku.
- Hvöttum til endurvinnslu og flokkunar á pappír, fernum og öðru s.s. rafhlöðum. Einnig eru nemendur skólans hvattir til að endurnýta sem mest af þeim pappír sem tilfellur í skólanum t.d. sem rissblöð, í stærðfræði og til föndurgerðar.
- Hugað að því að nota umhverfisvænar ræstivörur og þannig er unnið í því að gera þrif skólans sem vistvænust.
- Örtrefjaglútar eru notaðir við ræstingu og sápunotkun því í lágmarki.
- Vikuáætlun er skráð í Mentor og kompu.
- Tölvupóstur og heimasíðan notuð í auknu mæli í stað töskupósts.
- Sala á mjólkurvörum í einnota umbúðum hætt haustið 2006.
- Íþróttadagur á vorin hefur fest sig í sessi í skólanum.



Nemendur tilbúnir í hjólaferð á íþróttadegi

- Heimasíða skólans gerð skilvirkaði s.s. meira lagt upp úr því að setja inn fréttir úr skólalífinu og þar með að gera þær aðgengilegar rafrænt.
- Skipulögð útivist með gönguferð, ratleik eða leikjum reglulega yfir skólaárið hjá öllum árgöngum
- „Umhverfisstefna og markmið sýnileg á ýmsa vegu t.d. í öllum skólastofum og á heimasíðu
http://www.hofsstadaskoli.is/Um_skolann/fylgiskjol_skrar/Umhverfisstefna2007_2008.pdf
- Kynningar á starfsmannafundum, þar hafa t.d. aðilar í umhverfisteyminu kynnt sína vinnu og farið yfir skref grænfánans.



Skemmtilegir karlar búnir til á þemadögum

- Haustið 2005 var unnið þemaverkefnið „**Á grænni grein**” þar sem ENDURNÝTING var rauði þráðurinn í gegnum þemað (sjá fylgiskjal 13).
- Tölvupóstar sendir á starfsmenn skólans – minnt á ýmislegt sem betur má fara varðandi umhverfisstefnu skólans.
- Umhverfisvænar jólakveðjur í tölvupósti.

Umhverfisstefna Hofsstaðskóla

Markmið með umhverfisstefnu Hofsstaðskóla er að starfsfólk og nemendur skólans taki höndum saman um að vinna markvisst að jákvæðri umhverfisstefnu með því að:

- vera meðvitaður um gildi þess að ganga vel um náttúruna og geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- tengja skólann við umhverfið
- geta greint jákvæðan áróður frá neikvæðum
- efla færni okkar og nemenda í að takast á við umhverfismál á jákvæðan hátt

- starfsfólk og nemendur verði meðvitaðir um hversu mikið af sorpi fellur til daglega og leggi sitt að mörkum til að draga úr því
- umhverfisvernd verði samvinna heimila og skóla
- umhverfisvernd verði kennd markvisst í öllum árgöngum skólans með samþættingu námsgreina

Framtíðarsýn

Umhverfisstefnan þarf að vera virk í öllum námsgreinum. Alls staðar fellur til sorp og því er það í höndum allra kennara og starfsfólks að vera virkt í að fræða nemendur og fylgja umhverfisstefnunni.

Við teljum að margt hafi áunnist í umhverfismálum skólans á síðustu 4 árum en erum jafnframt meðvituð um að stöðugt eftirlit, fræðsla, fundir og eftirfylgni sé nauðsynleg. Við vitum að margt má betur fara en það finnst okkur eðlilegt á eins stórum vinnustað og Hofsstaðaskóli er, en þar eru nemendur um 400 og starfsmenn um 60.

Markmið og framtíðarsýn nefndarinnar er að umhverfisstefna skólans verði sjálfsagður hluti daglegs lífs nemenda og starfsfólks Hofsstaðaskóla.

Margt hefur áunnist í umhverfismálum síðan Hofsstaðaskóli varð „Skóli á grænni grein” og vonumst við til að uppfylla þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá að flagga Grænfánanum.

Fyrir hönd umhverfisráðs Hofsstaðaskóla 23. október 2007

Margrét Harðardóttir, skólastjóri

Kristrún Sigurðardóttir

Fylgiskjöl